

Aðstoðarskólastjóri við Pelamerkurskóla

Pelamerkurskóli auglýsir starf aðstoðarskólastjóra laust til umsóknar. Aðstoðarskólastjóri vinnur náið með skólastjóra og er staðgengill hans. Óskað er eftir að ráða öflugan, metnaðarfullan og framsýnan einstakling sem býr yfir mikilli hæfni í samskiptum við börn og fullorðna og leggur áherslu á vellíðan og árangur allra í skólasamfélaginu. Aðstoðarskólastjóri hefur kennsluskyldu sem nemur um hálfri stöðu.

Í Pelamerkurskóla er starfað með markvissum hætti í anda skóla fyrir alla og þannig lögð rík áhersla á að búa öllum nemendum aðstæður til náms við hæfi hvers og eins, nokkuð sem krefst sveigjanleika og skapandi hugsunar hjá öllu starfsfólki. Einkunnarorð skólans eru þroski, menntun og samkennd. Í skólanum er starfað eftir hugmyndafræði Jákvæðs aga og Byrjendalæsis. Skólinn er heilsueflandi skóli auk þess sem áhersla er lögð á rafræna kennsluhætti, útikennslu og skapandi starf.

Meginhlutverk aðstoðarskólastjóra er að

- Vera staðgengill skólastjóra, bera ábyrgð á og stjórna daglegri starfsemi skólans í samstarfi við skólastjóra, svo sem í innra starfi og starfsmannamálum.
- Annast skipulagningu forfalla og skráningu þeirra.
- Sinna faglegri forystu innan skólans ásamt skólastjóra.
- Sitja í innra mats teymi skólans sem og í nefndum og ráðum með nemendum og starfsfólki.
- Stuðla að velferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið kennari, með sérhæfingu á grunnskólastigi.
- Viðbótarmenntun sem nýtist í starfi.
- Farsæl kennslureynsla, stjórnunarhæfileikar og leiðtogafærni.
- Góð tölvufærni og áhugi á tækniþróun.
- Lipurð í samskiptum og sveigjanleiki í starfi, sem og færni í samvinnu og teymisvinnu.
- Metnaður í starfi, sjálfstæði og drifkraftur.
- Skýr framtíðarsýn í skólamálum með áherslu á árangurs- og lausnamiðaða nálgun í starfi.
- Frumkvæði, fagmennska, skipulagshæfni, nákvæmni og stundvísi.
- Góð færni í íslensku.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um störf við skólann. **Ráðið er í stöðuna frá 1. ágúst 2021. Umsóknarfrestur er t.o.m. 20. apríl 2021.** Ferilskrá og greinagerð um styrkleika, hæfni og sýn á skólastarf skal senda á netfang skólastjóra ragnheidurlija@thelamork.is. Upplýsingar um pelamerkurskóla er að finna á heimasíðu skólans, <https://www.thelamork.is/>. Frekari upplýsingar veitir Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir, skólastjóri, ragnheidurlija@thelamork.is og síma 460-1770/866-4085.